

Ed.

311. Frumvarp til laga

[168. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Daníel Ágústínusson.

1. gr.

4. gr. laganna breytist þannig:

Orðin „leikhúsum og hvers konar“ í f-lið falli niður.

2. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

1. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður, þannig:

Vinna með skurðgröfum, jarðvinnsluvélum og hvers konar vegagerðarvélum.

2. 2. tölul. (verður 3. tölul.) orðist svo:

Vinna við viðgerðir á skipum, flugvélum, landbúnaðarvélum og vegagerðarvélum.

3. Á eftir 11. tölul. (verður 12. tölul.) komi tveir nýir töluliðir, þannig:

a. Þvottahús sjúkrahúsa, bæjar- og sveitarfélaga og samvinnuþvottahús.

b. Leiksýningar og samkomur menningar- og líknarfélaga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um söluskatt eru fjögurra ára. Upphaflega var hinn almenni söluskattur ákveðinn 3%, en hefur nýlega verið hækkaður í 5½%. Söluskatturinn, sem leggst með fullum þunga á allar lífsnauðsynjar, á veigamikinn þátt í dýrtíðarflóðinu undanfarin ár. Einn ef aðalhöfundum hans, núverandi viðskiptamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, sagði á Alþingi 1953 um söluskatt:

„Við þetta allt saman bætist svo, að söluskatturinn er í eðli sínu ranglátur. Það er einhver ranglátasti skattur, sem lagður hefur verið af íslenzka löggjafanum. Og það er ekki nóg með það, að hann sé ranglátur í eðli sínu. Framkvæmdin á sölu-

skattsinnheimtunni hefur og verið þannig, að á því er enginn vafi, að enginn skattur hefur verið svikinn jafnstórkostlega og söluskatturinn. Það er ekki aðeins ríkissjóður, sem tekur inn mikið fé í skjóli þessara lagaákvæða um söluskattinn, heldur taka ýmiss konar atvinnurekendur einnig inn stórfé í skjóli þessara ákvæða, Það er auðvelt að svikja tekjuskatt fyrir því, sem hafa stórfelldan atvinnurekstur með höndum. Það er margfalt auðveldara að svikja söluskatt. Það er jafnopinbert leyndarmál og skattsvikin í tekjuskattinum, að þau eru gífurleg í söluskattinum.“ — Alþt. 1953, B. 81.

Um svipað leyti sagði þáverandi formaður Alþýðuflokksins, Haraldur Guðmundsson, eftirfarandi um söluskatt:

„Ég álit — og Alþýðuflokkurinn er sömu skoðunar — að af — mér liggur við að segja — öllum þeim tollum, sem á eru lagðir hjá okkur, sé söluskatturinn ranglátastur og óskynsamlegastur. Hann er ranglátastur af því, að hann lendir langþyngst á þeim, sem minnsta getu hafa til að greiða til opinberra þarfa. Hann fellur langþyngst á barnmargar fjölskyldur og stór heimili, og það þarf ekki orðum að því að eyða, hversu ranglátt slíkt fyrirkomulag er til innheimtu opinberra gjalda.“ — Alþt. 1953, B. 109.

Það er því ekki óeðlilegt, að ástæða væri til breytinga á jafnvíðtækri lög-gjöf, sem hlotið hefur framangreinda lýsingu af höfundum sínum.

Með frumvarpi þessu er aðeins gerð tilraun til að sníða nokkra augljósa vankanta af lögnum. Tekin eru fá atriði, sem snerta starfsemi og þjónustu. Er farið mjög hóflega í breytingar í þeirri von, að um þær geti orðið almennt samkomulag og þær hljóti afgreiðslu á þessu þingi, svo sem mikil nauðsyn er á. Ég hef leyft mér að flytja fjórar breytingartillögur um aukin undanþáguákvæði í 7. gr. laganna. Skulu breytingar þessar skýrðar í einstökum atriðum:

1) Lagt er til, að skurðgröfur, jarðvinnsluvélar og allar tegundir vegagerðarvéla verði undanþegnar söluskatti. Í upphafi héldu margir, að vinna með fyrrenefnd tæki væri ekki söluskattskyld. Hafa þeir sennilega gert ráð fyrir því, að hún félli undir úrskurð ráðherra og hlyti þannig undanþágu. En niðurlag 7. gr. laganna er þannig: „Ráðherra kveður nánar á um það, hvað fellur undir undanþáguákvæði þessarar greinar og næstu greinar hér á undan.“

Í leiðbeiningum um söluskatt, sem fjármálaráðherra hefur látið gefa út — til viðbótar reglugerðinni — og skattheimtönnum ríkissjóðs er ætlað að fara eftir, segir m. a.:

„Búnaðarfélag og ræktunarsambönd eru söluskattskyld af allri seldri vinnu og hliðstæðri starfsemi, sbr. úrsk. um vélavinnu.

Vélamenn: Vinna vélamanna skoðast sem hluti af vélavinnu og er söluskattskyld, sbr. vélavinna.

Vélavinna, þar með talin vinna þeirra, er vélunum stjórna.

Vinna með vélum og öðrum meiri háttar tækjum, sem notuð eru við húsbýggingar eða aðra mannvirkjagerð, svo sem ámokstursvélar, steypuvélar, jarðýtur, skurðgröfur, vegagerðarvélar o. s. frv., er skattskyld. Gildir þetta jafnt, hvort í hlut eiga einstaklingar eða fyrirtæki ríkis og bæjar. Vinna þeirra manna, sem með vélarnar fara, er einnig skattskyld.“

Það er því ekki um það að villast, að samkvæmt úrskurði ráðherra er starfsemi þessi söluskattskyld, enda þótt furðulegt megi teljast. Hér er yfirleitt ekki um venjulega sölu að ræða. Þótt búnaðarfélag og ræktunarsambönd semji gjaldskrár fyrir vélar sínar, miðast hún við það eitt að greiða nauðsynlegan rekstrar-kostnað og halda tækjunum sæmilega við. Hér er því um samvinnu margra bænda að ræða um kaup og rekstur á jarðvinnsluvélum, í stað þess að einstakir bændur kaupi vélar til þeirrar starfsemi. Hefur þetta reynzt ágætlega og skilað margföldum árangri við það, sem einstaklingum væri kleift. Ræktunarframkvæmdirnar — hvort sem um er að ræða skurðgröft eða jarðvinnslu — eru því nánast gerðar á kostnaðarverði. Með jarðræktarstyrknum greiðir svo ríkissjóður hluta af kostnaðinum.

Það er óhugsandi, að ræktunarframkvæmdir bænda geti nokkurn tíma orðið tekjustofn fyrir ríkissjóð, eins og ætlazt er til með lögunum um söluskatt. Hér hlýtur því að vera um regin-misskilning að ræða, sem nauðsynlegt er að leiðrétta strax. En eins og lögin eru nú með viðeigandi skýringum, er hér um að ræða beinan skatt — 5½% á stærstu kostnaðarliðina við alla nýrækt í landinu.

Sama er að segja um söluskatt á vegagerðarvélar. Hann er ekkert annað en skerðing á fjárveitingu til vegamála. Ríkissjóður veitir tugi milljóna til vega- og brúamála í landinu, og alltaf er þörfin umfram fjárveitingu. Hvernig í ósköpunum má það svo ske, að vegagerðin er allt í einu orðin tekjustofn fyrir ríkissjóð?

2) Viðgerð á skipum og flugvélum er undanþegin söluskatti, samkv. 7. gr. laganna. Það er með öllu óeðlilegt, að sama gildi ekki um landbúnaðarvélar og vegagerðarvélar, því að annars er aðalatvinnuvegum þjóðarinnar stórlega mismunað. Með frumvarpinu er lagt til, að úr misræmi þessu verði bætt.

Búnaðarfélag og ræktunarsambönd hafa víða komið sér upp viðgerðarverkstæðum eða gerzt aðilar að þeim. Með þeim hætti er viðhald vélanna raunverulega unnið á kostnaðarverði. Verkstæði þessi hafa mikilvægu hlutverki að gegna fyrir íslenzkan landbúnað til viðhalds og endurbóta á þeim mikla vélakosti, sem bændur hafa aflað sér á undanförunum árum. Það er alveg fráleitt að skattleggja þetta samvinnustarf íslenzkra bænda, frekar en verkstæði, sem einstakir bændur kynnu að reka á heimilum sínum til viðhalds eigin tækjum. Hér er því um mjög eðlilega og sjálfsagða leiðréttingu að ræða.

3) Samkvæmt 7. gr. laganna um söluskatt er rekstur sjúkrahúsa undanþeginn söluskatti. Hins vegar segir ráðherra í leiðbeiningum til skattheimtumanna sinna eftirfarandi:

„Þvottahús bæjar- og sveitarfélaga og annarra opinberra aðila, þar með talin þvottahús sjúkrahúsa, eru söluskattskyld af allri starfsemi sinni.“

Það orkar vart tvímælis, að þvottur er mikilsverður þáttur í rekstri sjúkrahúsa. Þess vegna munu öll sjúkrahús landsins telja jafnnauðsynlegt að hafa rúm-gott þvottahús með fullkomnum vélum eins og eldhús, skurðstofu og herbergi til myndatöku. Það mætti því nákvæmlega á sama hátt leggja söluskatt á matinn í sjúkrahúsunum, skurðaðgerðir, myndatökur o. s. frv. Sama gildir og um þvottahús annarra heilbrigðisstofnana og elliheimila. Þetta er því fráleitara, þegar þess er gætt, að flest eða öll sjúkrahús landsins eru rekin með miklum halla og njóta þar að auki daggjalda frá ríkissjóði. Hvaða vit er í því að gera slíkan rekstur að tekjustofni fyrir ríkissjóð?

Sama er auðvitað að segja um þvottahús bæjar- og sveitarfélaga. Það er mjög skynsamleg ráðstöfun, sem ýmis sveitarfélag hafa gert, að byggja almenningsþvottahús — eitt eða tvö í hverju hreppsfélagi eftir staðháttum — með stórvirkum og fjölbreyttum þvottavélum, í stað þess að hvert heimili sé að kaupa slíkar vélar, þótt í smærri stíl sé. Með þessu fást betri vélar og öruggari í rekstri, auk hins mikla sparnaðar á vélakaupum. Rekstrarkostnaður vélanna skiptist svo á notendurna. Hvaða skynsamleg rök mæla með því að gera þessa samhjálp þegna að tekjustofni fyrir ríkissjóð frekar en þvottavélar einstakra húsmæðra í landinu? Áreiðanlega verða þau vandfundin. Það er einnig mjög virðingarverð þjónustustarfsemi, ef einstök bæjarfélög tækju að sér rekstur þvottahúsa til hagræðis fyrir íbúana. Ekki væri sæmandi, að ríkið gerði slíka starfsemi að tekjustofni sínum, frekar en annað, sem nefnt er hér að framan. Sama máli gegnir um samvinnuþvottahús, sem rekin eru í landinu.

4) Samkomuhald er söluskattskyld. Í fyrrnefndum leiðbeiningum ráðherra er fyrst rætt um skemmtanir, sem eru háðar hinum almenna skemmtanaskatti. Síðan segir:

„Af öðrum skemmtunum, sem aðgangur er seldur að, hvort heldur um er að ræða skemmtun, sem skattur er greiddur af til sveitarfélaga, eða skemmtun, sem aðeins þarf leyfi lögreglustjóra til að halda, skal söluskattur reiknaður af sölu-

verði aðgöngumiða. Sé aðgangur ekki seldur, skal skatturinn miðast við veltu, sem svarar til heildarkostnaðar skemmtunarinnar. Lögreglustjóri skal jafnan tilkynna formanni skattanefndar um hverja skemmtun, sem leyfi eru veitt fyrir.“

Það er fráleit lagasetning, að menn megi aldrei koma saman til fagnaðar án þess að gjalda ríkinu skatt eða verða lögbrjótar ella. En framangreind skýring ráðherra sýnir það ljóslega. Hér er lagt til að rýmka þetta ákvæði stórum og undanþiggja leiksýningar og samkomur menningar- og líknarfélaga frá skattheimtunni. Öll eiga þessi félög það sameiginlegt að vanta fé til starfsemi sinnar og berjast í bökkum fjárhagslega. Hér er því um mjög óeðlilegan tekjustofn að ræða fyrir rikissjóð. Þó tekur út yfir, að þegar fólk kemur saman til gleðskapar og skiptir sameiginlegum kostnaði niður á þátttakendur, þá skuli samt vera skylt að leggja söluskatt á samkomuhaldið. Hér gengur skattheimtan áreiðanlega út yfir öll skynsamleg takmörk.

Eins og áður segir, hef ég í frumvarpi þessu valið fá atriði í von um það, að um þau fáiast samkomulag á þessu þingi, enda ætti öllum að vera ljóst, að eðlilegt er að leiðrétta ýmsa vankanta á jafnvíðtækri löggjöf, eftir að nokkur reynsla er fengin af framkvæmd hennar. Hér er ekki um tekjuskerðingu fyrir rikissjóð að ræða, sem skiptir verulegu máli, og í ýmsum þeim atriðum, sem frumvarp þetta fjallar um, hlýtur innheimtan að vera seinleg og erfið. Ég vænti því, að Alþingi geti fallizt á breytingartillögur þær, sem í frumvarpinu felast, og telji þær sanngjarnar og eðlilegar eftir þá reynslu, sem fengin er.